

Nd.

### 167. Nefndarálit

um frv. til laga um verzlunarbækur (þskj. 87).

Frá nefndinni um verzlunarlöggjöf og atvinnulöggjöf.

Nefndin hefir rækilega rætt og ihugað frumvarp þetta og telur það hina beztu réttarbót.

Nefndin hefir eigi fundið ástæðu til að gera neinar verulegar breytingar á frumvarpinu, því síður sem fyrirmæli þess eru í samræmi við samkynja löggjöf ýmissa annarra þjóða, þeirra er vel þykja hafa skipað þessu máli með lögum.

Þær einu breytingar, sem nefndin leggur til að gera á frumvarpinu, eru þessar :

1. Við 2. gr. á eftir »verzlunarviðskifti« bætist inn í »önnur en þau, er hönd selur hendi«.
2. Við 2. gr. í stað orðanna: »gegnumdregin . . . með því« — komi: »gegnumdregin, innsiglið og löggilt af notaris publicus og blaðsíður allar tölumerktar«.
3. Við 3. gr.: Á eftir »Höfuðbók« á fyrra staðnum komi: »Konto-Kurant, Ledger«.
4. Við 3. gr.: Í stað »greiðslur« komi »sjóðgreiðslur«.
5. Aftan við 3. gr. bætist (jafnframt því er punktur breytist í kommu): »þeirra, er rituð eru mönnum erlendis eða kaupmönnum héraendis eða öðrum, er viðskifta-atvinnu reka.
6. Við 5 gr.: Á eftir »á ári hverju« bætist; »í sama mund hver«.

7. Við 8. gr.: Í 1. línu breyttist »missiris« í »árs« og í 2. línu «árs« í »þriggja missira«.

Um þessar einstöku breytingar þarf ekki mörgum orðum að fara. Sérstaklega skal þessa þó getið um:

3. tölul.: Tilgangurinn með að skjóta inn útlendu orðunum er sá, að sýna, að eigi sé til ætlast, að kaupmaður þurfi að hafa þann tvíverknað, framar en hann vill, að færa sundurliðaðan reikning í höfuðbók, heldur nægi að færa inn aðalupphæð innlags og úttektar, er gerist í hvert sinn.

6. tölul.: Tilgangur br.till. er að ákveða, að sami kaupmaður geri efnahags-yfirlit sitt um sama leyti ár hvert, en hver kaupmaður ræður því, hvern tíma hann velur til þess að öðru leyti.

Hinar br.till. eru vist flestar auðráðnar, enda grein fyrir þeim ger í framsögu málsins.

Ráðum vér svo deildinni til, að samþykkja frumv. með þessum breytingum.

Alþingi, 10. marz 1909.

Björn Kristjánsson      Jón Ólafsson  
formaður.                      framsögum.

Ólafur Briem.      Jón Jónsson, þm. S.-M.  
Magnús Blöndahl, skrifari.